



FJÖLMÍÐLANEFND

27. maí 2019
Ákvörðun nr. 3/2019

Kostun fréttatengdrar umfjöllunar í þættinum *Miðbær Selfoss* sem var sýndur á sjónvarpsstöðinni Hringbraut og birtur á vef Hringbrautar 10. ágúst 2018.

I. Málsvik

Þann 10. ágúst 2018 var til sýningar á sjónvarpsstöðinni Hringbraut þáttur í þáttaröðinni Atvinnulífið, *Miðbær Selfoss*, þar sem til umfjöllunar voru tillögur bæjarstjórnar um breytt aðal- og deiliskipulag í miðbæ Selfoss og fyrirhuguð íbúakosning um þær.

Þátturinn *Miðbær Selfoss* var sýndur í sjónvarpi og birtur á vef Hringbrautar átta dögum fyrir fyrrgreinda íbúakosningu 18. ágúst 2018. Þátturinn var auðkenndur sem kostað dagskrárefni með kostunarskilti sem birtist í 5 sekúndur í upphafi þáttar og komu þar fram upplýsingar um kostanda með orðunum: *Þessi þáttur er kostaður af Sigtúni þróunarfélagi ehf.*

Fyrir kosningarnar var frá því greint á vef sveitarfélagsins Árborgar að Sigtún þróunarfélag væri framkvæmdaraðili þeirra breytingaframkvæmda sem kosið yrði um 18. ágúst sl. Jafnframt var upplýst á vef sveitarfélagsins að samningur Árborgar við Sigtún þróunarfélag ehf., um framkvæmdir við nýjan miðbæ á Selfossi, tæki ekki gildi nema aðal- og deiliskipulagstillagan yrði samþykkt í áður nefndri íbúakosningu. Þá yrði niðurstaðan eingöngu bindandi ef að lágmarki 29% kjörgengra íbúa tækju þátt í kosningunni en ella yrði hún ráðgefandi.

Meirihluti íbúa í Árborg kaus með tillögum bæjarstjórnar um breytt aðal- og deiliskipulag í miðbæ Selfoss þann 18. ágúst sl og var kjörsókn tæp 55%. Hefur Sigtún þróunarfélag þegar hafið framkvæmdir við uppbyggingu miðbæjarins, samkvæmt upplýsingum á vef Árborgar.



FJÖLMÍÐLANEFND

Efni þáttar

Þátturinn *Miðbær Selfoss* er um 30 mínútur að lengd, að meðtöldu 40 sekúndna auglýsingahléi. Í upphafi hans upplýsir þáttastjórnandi, Sigurður K. Kolbeinsson, að þáttur dagsins fjalli um nýtt miðbæjarskipulag á Selfossi. Fram kemur að fyrir dyrum standi íbúakosning um nýtt miðbæjarskipulag sem sé til komin að kröfu nokkurra bæjarbúa er farið hafi fram á hana með undirskriftarsöfnun þá um vorið.

Því næst er farið yfir aðdraganda þess að hugmyndir að nýju miðbæjarskipulagi á Selfossi voru fyrst lagðar fram. Rætt er við Leó Árnason og Guðjón Arngrímsson, sem samkvæmt upplýsingum á vefnum www.midbaerselfoss.is eru í forsvari fyrir kostanda, Sigtún Þróunarfélag, og á meðal eigenda félagsins.

Þáttastjórnandi upplýsir að fram hafi komið gagnrýni á verkefnið og að því sé það ekki að ástæðulausu að fram fari íbúakosning í næstu viku. Kveðst hann hafa velt fyrir sér gagnrýnisröddum sem beinst hafi að verkefninu, sem hann telji ekki fastmótaðar, og innir viðmælendur sína eftir hugsanlegum ástæðum þess að fólk sé á móti framkvæmdunum. Svára forsvarsmenn kostanda því til að stærsta atriðið hafi verið bæjargarðurinn og að fólk telji að á hann verði gengið. Staðreyndin sé hins vegar sú að bæjargarðurinn verði stærri samkvæmt nýja skipulaginu en á gildandi skipulagi.

Fram kemur hjá þáttastjórnanda að sumir telji sveitarfélagið Árborg þurfa að leggja út í mikinn kostnað vegna framkvæmdanna og eru forsvarsmenn kostanda inntir svára við þeirri gagnrýni. Svára þeir því til að sveitarfélagið verði ekki fyrir neinum útgjöldum og sé það óvenjulegt að sveitarfélög fái hugmyndir og tillögur í hendur sem séu að fullu fjármagnaðar. Þá lýsa forsvarsmenn kostanda því hvaða starfsemi verði í þeim húsum sem reist verði samkvæmt nýju miðbæjarskipulagi og kveðjast aðspurðir ekki telja að aðrir framkvæmdaðilar hafi sýnt áhuga á að ráðast í sambærilegar framkvæmdir.

Því næst er rætt við hóp viðmælenda sem lýsa jákvæðu viðhorfi sínu til nýja miðbæjarskipulagsins:

- Rætt er við Ester Halldórsdóttur, sem sögð er Selfyssingur í húð og hár. Lýsir hún mikilli ánægju sinni með verkefnið.
- Rætt við Ástu Stefánsdóttur, fyrrum framkvæmdastjóra Árborgar, um aðdraganda málsins hjá sveitarstjórn Árborgar. Fram kemur í máli hennar að samhugur hafi verið um verkefnið í bæjarstjórn og lýsir hún ánægju sinni með hugmyndir að nýjum miðbæ sem hún telur að verði



FJÖLMÍÐLANEFND

mikið gæfuspor og aðlaðandi umhverfi, bæði fyrir íbúa og ferðamenn. Inn í viðtalið við Ástu er skotið upplýsingum um það hvenær íbúakosningin fari fram og birtast nánari upplýsingar um kjördag og tíma á skjánum.

- Rætt er við Aron Hinriksson, sem starfar sem prestur hjá Fíladelfíusöfnuðinum í Reykjavík. Fram kemur að hann hafi skrifað grein í Dagskrána á Selfossi, þar sem fjallað hafi verið um kosti þess að nýr miðbær rísi á Selfossi og er hann beðinn um að lýsa inntaki greinarinnar í viðtalinu. Í máli hans kemur m.a. fram að vantað hafi miðbæjarkjarna á Selfossi, með veitingahúsum og kaffihúsum, þar sem fólk geti komið saman.
- Rætt er við arkitektinn Sigurð Einarsson sem starfar hjá arkitektastofunni Batteríð Arkitektar. Lýsir hann þeim hugmyndum sem byggt var á við hönnun nýs miðbæjar, m.a. að fyrirhugað sé að endurbyggja gömul hús úr sögu bæjarins. Þáttastjórnandi upplýsir í viðtalinu að núverandi bæjarstjórn hafi skuldbundið sig til að hrinda núgildandi deiliskipulagi í framkvæmd fari svo að bæjarbúar neiti að samþykkja það skipulag sem arkitektarnir hafi hannað. Í kjölfarið lýsir arkitektinn muninum á núgildandi skipulagi og því skipulagi sem fyrirhugaðar íbúakosningar snúast um. Meðal annars verði bílastæði mun meira áberandi þegar ekið verði yfir Ölfusárbrú, við komuna til Selfoss.
- Rætt er við Albert Magnússon, annan eiganda Lindex-verslunardejunnar hér á landi. Fram kemur að verði nýtt miðbæjarskipulag samþykkt hyggist eigendur Lindex opna verslun í einu þeirra húsa sem rísa muni í miðbæ Selfoss.
- Rætt er við Olgu Bjarnadóttur, íbúa á Selfossi, sem segir nýjan miðbæ hafa mikla þýðingu fyrir íbúa á öllum aldri. Nefnir hún m.a. að bæjargarðurinn Sigtúnsgarður hafi verið nýttur í ýmsar bæjarhátíðir en sé ekkert nýttur þess á milli. Þáttastjórnandi segir að vilji Selfyssingar hittast í kaffi eða fá sér drykk verði þeir að fara á tiltekið kaffihús í bænum. Tekur viðmælandi hans undir það og segist jafnframt ekki geta fundið eina ástæðu eða rök fyrir því af hverju hún ætti ekki að „kjósa með þessu“.
- Rætt er við Ingunni Guðmundsdóttur, eiganda Pylsuvagnsins á Selfossi. Segir hún tíma til kominn að Árborgarbúar fái „fallegan, glæsilegan miðbæ með fallegum húsum,“ sem fái aðkomufólk til að staldra við. Kveðst hún vona að Árborgarbúar greiði atkvæði sitt með framkvæmdunum.
- Talað er við Eggert Val Guðmundsson, nýjan formann bæjarráðs Árborgar, sem er spurður að því hvað taki við fari svo að íbúar felli tillögu um breytt deiliskipulag og nýjan miðbæ í íbúakosningunum. Upplýsir hann að þá verði líklega tekið upp gildandi skipulag frá 2014. Þáttastjórnandi áréttar þau orð, sbr. eftirfarandi ummæli hans: „En þannig að það liggur sem sagt fyrir að ef bæjarbúar greiða þessu atkvæði verður haldið í það plan sem búið var að ákveða.“



FJÖLMÍÐLANEFND

Annars telur þú að þið farið að hrinda í framkvæmd gildandi skipulagi síðan 2014, með útgjöldum fyrir sveitarfélagið?“

- Rætt er við Margréti Blöndal fjölmiðlakonu sem segir tillögur að nýjum miðbæ hafa haft áhrif á þá ákvörðun hennar og eiginmanns hennar að flytja á Selfoss, en hún hafi fyrst heyrt af tillögum um nýjan miðbæ á Selfossi 2005 eða 2006 og verið yfir sig hrifin.
- Talað er við Guðmund Þ. Guðmundsson, landsliðsþjálfara í handbolta, og fram kemur að hann eigi sumarbústað á þessum slóðum. Spurður hvað honum finnist um nýjan miðbæ á Selfossi svarar hann því að honum finnist þetta „... stórkostlega spennandi dæmi. Það sem ég hef heyrt um þetta verkefni verður þetta stórkostleg viðbót við Selfoss og mjög áhugavert fyrir Selfyssinga að eignast nýjan miðbæ.“
- Talað er við Kristínu Eddu og Þorstein Ara Bergmann og upplýst að þau hafi nýverið flutt á Selfoss og eigi von á barni. Spurð hvað þeim finnist um nýtt miðbæjarskipulag segja þau að þeim lítist „ótrúlega vel á það“ og að það væri gaman að fá fleiri kaffihús og meira líf á staðinn. Þáttastjórnandi nefnir að möguleikar fyrir ungt fólk til að hittast og kynnast séu af skornum skammti á Selfossi og taka viðmælendur undir þau orð.
- Rætt er við Ara Edwald, forstjóra Mjólkursamsölunnar, og upplýst að fyrirtækið hafi ákveðið að taka þátt í uppbyggingu á nýjum miðbæ, verði hann að veruleika. Fram kemur í máli forstjórans að Mjólkursamsalan hafi lengi haft áhuga á að koma sögu íslenska skyrans betur á framfæri og verði Selfoss alþjóðlegt heimili skyrans. Vísar forstjórinn þar í hugmyndir um samstarf Mjólkursamsölunnar og Sigtúns Þróunarfélags ehf. um að endurbyggja gamla Mjólkurbúið á Selfossi sem menningar- og sýningarhús og setja þar upp sýningu með áherslu á íslenska skyrið.
- Talað er við Ásu Ninnu Pétursdóttur, markaðsstjóra Joe & the Juice á Íslandi, og greinir hún frá því að fyrirtækið sé að skoða að opna verslun í nýjum miðbæ Selfoss, verði hann að veruleika.

Í lok þáttar er aftur rætt við við Leó Árnason og Guðjón Arngrímsson (G), eigendur og forsvarsmenn Sigtúns Þróunarfélags, sem hvetja íbúa Árborgar til að kjósa í komandi íbúakosningum, sbr. eftirfarandi samtal:

Þáttastjórnandi: Já, það er ljóst að það vilja allir miðbæ. Sumir vilja hann kannski eitthvað aðeins öðruvísi en þið höfðuð hugsað þetta. Það er náttúrlega aldrei hægt að gera eins og öllum þóknast. En nú er kosningin 18. ágúst næstkomandi. Hverjir hafa kosningarétt?



FJÖLMIÐLANEFND

G: Það hafa allir Árborgarbúar kosningarétt sem er orðnir 18 ára og kosningabátttakan skiptir auðvitað miklu máli. Við höfum gert könnun, eða Gallup gerði fyrir okkur okkur könnun, þar sem í ljós kom að sérstaklega yngra fólk er mjög áhugasamt um að fara þessa leið. En það sem að ræður er kosningabátttakan. Þannig að í rauninni, frá okkar sjónarhóli, að þá skiptir það öllu máli að fólk taki ákvörðun með því að fara á kjörstað og láta sína skoðun í ljós.

Í lok þáttar birtast skilti á skjánum þar sem fram kemur að kvikmyndataka og samsetning hafi verið í höndum Friðþjófs Helgasonar, handrit og umsjón í höndum Sigurðar K. Kolbeinssonar, myndatökur með dróna á vegum www.utsyn.is, auk þess sem sérstakar þakkir eru færðar Sigtúni þróunarfélagi og Héraðsskjalasafni Árnesinga.

II. Málsmeðferð og sjónarmið málsaðila

1.

Fjölmiðlanefnd hefur eftirlit með lögum um fjölmiðla nr. 38/2011, skv. 11. gr. laganna. Erindum vegna ætlaðra brota á ákvæðum laganna skal beint til nefndarinnar og tekur hún ákvörðun um það hvort erindi sem henni berst gefi nægar ástæður til meðferðar. Fjölmiðlanefnd er jafnframt heimilt að taka mál upp að eigin frumkvæði.

Þann 20. desember barst fjölmiðlanefnd fyrirspurn í tölvupósti þar sem óskað var upplýsinga um það hvort Hringbraut Fjölmiðlum hafi verið heimilt að láta Sigtún þróunarfélag, fyrirhugaðan framkvæmdaðila vegna skipulagsbreytinga á Selfossi, kosta þáttinn *Miðbær Selfoss* í þáttaröðinni *Atvinnulífið*, sem sýndur var 10. ágúst 2018 og þar sem fjallað var um skipulagsmál á Selfossi. Fram kom í fyrirspurn að sá sem hana lagði fram teldi þátturinn hafa haft áhrif á íbúakosningar um skipulagsmál í Árborg sem fram fóru skömmu eftir sýningu þáttarins á Hringbraut, sumarið 2018.

Á fundi fjölmiðlanefndar 11. janúar 2019 var fjallað um fyrirspurnina og samþykkt að óska eftir upplýsingum og sjónarmiðum Hringbrautar Fjölmiðla vegna sýningar þáttarins, áður en tekin yrði ákvörðun um hvort málið gæfi ástæðu til efnislegrar meðferðar.

Í erindi fjölmiðlanefndar til Hringbrautar 15. janúar 2019 var óskað eftir sjónarmiðum Hringbrautar Fjölmiðla og var þess óskað að svör Hringbrautar Fjölmiðla bærust eigi síðar en 29. janúar 2019. Í erindinu var fjölmiðlaveitan á það minnt að óheimilt væri að kosta fréttir og fréttatengt efni í sjónvarpi, sbr. 2. mgr. 42. gr. laga um fjölmiðla og að sú regla gildi á öllu EES-svæðinu. Um það var einnig vísað til ákvarðana fjölmiðlanefndar nr. 2/2018 og 3/2018



FJÖLMIÐLANEFND

Þar sem fjölmiðlanefnd komst að þeirri niðurstöðu að Hringbraut hefði brotið gegn 2. mgr. 42. gr. laga um fjölmiðla, með kostun á fréttatengdu efni.

Þann 17. janúar 2019 barst tölvupóstur frá Guðmundi Erni Jóhannssyni, fyrirsvarsmanni Hringbrautar Fjölmiðla, þar sem fram kom að Hringbraut Fjölmiðlar hefðu farið yfir málið og teldu athugasemdir fjölmiðlanefndar ekki eiga við rök að styðjast. Óskaði fyrirsvarsaður Hringbrautar Fjölmiðla eftir fresti til formlegra svara til 15. febrúar 2019, þar sem Hringbraut Fjölmiðlar hefðu óskað eftir fundi með mennta- og menningarmálaráðherra.

Umbeðinn frestur var veittur með tölvupósti framkvæmdastjóra fjölmiðlanefndar 18. janúar 2019.

Þann 13. febrúar 2019 bárust formleg svör Hringbrautar Fjölmiðla við erindi fjölmiðlanefndar. Þar kom fram að Hringbraut Fjölmiðlar teldu þáttinn Miðbær Selfoss í þáttaröðinni Atvinnulífið ekki til fréttatengds efnis, heldur heimildarþáttar, þar sem skoðunum beggja aðila, bæði þeirra sem voru með og á móti fyrirhuguðum framkvæmdum, hafi verið komið á framfæri. Í svari Hringbrautar sagði ennfremur:

Í þættinum er fjallað um hugmyndir að nýjum miðbæ en þar koma fram upplýsingar sem löngu hafa komið fram og eru því flokkaðar sem heimildir en ekki fréttir. Forsvarsfólk Hringbrautar hafnar því alfarið þessum athugasemdum sem fjölmiðlanefnd hefur móttengið og teljum þær athugasemdir byggðar á misskilningi.

Fjallað var um svör Hringbrautar á fundi fjölmiðlanefndar 5. mars 2019 og samþykkt að taka málið til efnislegrar meðferðar.

2.

Fjölmiðlanefnd sendi Hringbraut frummat sitt í málinu með bréfi dags. 10. apríl 2019. Þar fór fjölmiðlanefnd yfir helstu málsatvik og þau lagasjónarmið sem máli skipta við mat á því hvort Hringbraut Fjölmiðlar hafi brotið gegn 2. mgr. 42. gr. laga um fjölmiðla, auk 1. mgr. 42. gr. sömu laga. Jafnframt vildi fjölmiðlanefnd veita Hringbraut Fjölmiðlum færi á því að koma á framfæri frekari sjónarmiðum í málinu. Bent var á að niðurstaða bréfsins fæli í sér frummat fjölmiðlanefndar en ekki endanlega afstöðu til þess hvort Hringbraut Fjölmiðlar hefðu brotið gegn ákvæðum laganna. Þær ályktanir sem settar væru fram kynnu að breytast gæfu athugasemdir og skýringar Hringbrautar Fjölmiðla tilefni til þess.



FJÖLMIÐLANEFND

Í bréfinu kom fram að það væri frummat fjölmiðlanefndar að þátturinn *Miðbær Selfoss* sem sýndur var á sjónvarpsstöðinni Hringbraut og birtur var á vef Hringbrautar 10. ágúst 2018, teldist til fréttatengds efnis og að Hringbraut Fjölmiðlar hafi með kostun hans brotið gegn 2. mgr. 42. gr. laga um fjölmiðla um bann við kostun fréttatengds efnis.

Jafnframt kom fram það frummat fjölmiðlanefndar að efnistöð fyrrgreinds þáttar hefðu ekki verið í samræmi við 1. mgr. 42. gr. um að kostanda sé óheimilt að hafa áhrif á innihald, efnistöð eða tímasetningu kostaðs efnis og raska ábyrgð og ritstjórnarlegu sjálfstæði fjölmiðlaveitunnar.

Fjölmiðlanefnd benti á að brot gegn ákvæðum VI. kafla laga um fjölmiðla, þar á meðal 1. og 2. mgr. 42. gr., gætu varðað stjórnvaldssektum samkvæmt n-lið 1. mgr. 54. gr. Við ákvörðun sektar skyldi m.a. tekið tillit til alvarleika brots og tekna fjölmiðlaveitna af broti þegar það ætti við. Óskaði nefndin eftir upplýsingum um tekjur Hringbrautar Fjölmiðla vegna kostunar á þættinum *Miðbær Selfoss* í þáttaröðinni *Atvinnulífið*.

Þess var óskað að svör Hringbrautar Fjölmiðla bærust eigi síðar en 29. apríl 2019. Með tölvupósti dags. 30. apríl óskuðu Hringbraut Fjölmiðlar eftir fresti til svara til 15. maí 2019 og var umbeðinn frestur veittur.

3.

Svör Hringbrautar bárust fjölmiðlanefnd 14. maí 2019 með bréfi dags 13. maí. Þar kom fram að þátturinn *Atvinnulífið* hefði um árabíl fjallað um ýmsar hliðar íslensks athafna- og atvinnulífs. Þættirnir hefðu notið stuðnings frá atvinnulífinu, gjarnan þeim fyrirtækjum, félagasamtökum eða stofnunum sem fjallað hefði verið um, eins og ávallt hefði verið tekið fram í hverjum þætti fyrir sig. Gerðu áhorfendur þáttanna sér fulla grein fyrir þessu fyrirkomulagi og væri að mati Hringbrautar Fjölmiðla engin hætta á að þeir teldu að um hlutlausu fréttapætti væri að ræða.

Sömu vinnubrögð hefðu verið viðhöfð í þætti þar sem fjallað hafi verið um miðbæjarskipulagið á Selfossi sl. sumar. Þátturinn hafi verið styrktur af Sigtúni þróunarfélagi, sem standi að uppbyggingu miðbæjarins. Í honum hafi verið rætt við fjölda fólks: aðstandendur verkefnisins, forystufólk í sveitarstjórn, sem ýmist hafi verið fylgjandi eða andvíg uppbyggingunni, og ýmsa Selfyssinga.

Fram hafi komið í upphafi þáttar að hann væri styrktur af Sigtúni þróunarfélagi, líkt og gert hafi verið í öðrum þáttum *Atvinnulífsins*. Í þættinum hafi engar nýjar upplýsingar komið fram um málið, heldur verið farið yfir ýmislegt sem margoft hefði komið fram í öðrum fjölmiðlum



FJÖLMÍÐLANEFND

og á samfélagsmiðlum. Hafi engin tilraun verið gerð til þess af hálfu þáttastjórnenda eða Hringbrautar að villa um fyrir áhorfendum. Þvert á móti hafi aðalstyrktaraðili þáttarins verið kynntur og hafi enginn áhorfandi ætlað að um væri að ræða hlutlausan fréttabátt, að mati Hringbrautar Fjölmiðla. Um hafi verið að ræða heimildabátt en ekki fréttabátt, þar sem fréttir fjalli um eitthvað sem áður hafi ekki komið fram. Loks sagði í svari Hringbrautar að þeim rökum sem fram hefðu komið væri hafnað.

Í svari sínu veittu Hringbraut Fjölmiðlar ekki umbeðnar upplýsingar um tekjur fjölmiðlaveitunnar af kostun fyrrgreinds þáttar.

III. Niðurstaða

1.

Með kostun hljóð- og myndefnis er átt við hljóð- og myndsendingu í viðskiptaskyni sem tekur til hvers konar framlaga opinbers fyrirtækis, einkafyrirtækis eða einstaklings til fjármögnunar einstakra dagskrárliða með það fyrir augum að vekja athygli á heiti viðkomandi, vörumerki, ímynd, starfsemi eða vörum, enda fáist viðkomandi hvorki við hljóð- né myndmiðlun né framleiðslu hljóð- eða myndverka, sbr. 27. tölul. 1. mgr. gr. laga um fjölmiðla.

Samkvæmt 1. mgr. 42. gr. er fjölmiðlum heimilt að afla kostunar við gerð og kaup hljóð- og myndmiðlunarefnis. Sá áskilnaður er þó gerður að kostandi hafi ekki áhrif á innihald, efnistöð eða tímasetningu kostaðs efnis og raski ekki ábyrgð og ritstjórnarlegu sjálfstæði fjölmiðlaveitunnar.

Þrátt fyrir heimild 1. mgr. 42. gr. segir í 2. mgr. ákvæðisins að óheimilt sé að kosta fréttauðsendingar og fréttatengt efni. Ákvæðið á samsvörun í 4. mgr. 10. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunar 2010/13/ESB en í áliti nefndar á vegum Evrópuráðsins (Standing Committee on Transfrontier television on advertising and sponsorship) nr. 4/1995 segir að tilgangur ákvæðisins sé að forða því að notendur fjölmiðla rugli saman hlutlausum upplýsingum og auglýsingum.

Í 3. mgr. 42. gr. segir svo að kostað efni megi ekki fela í sér hvatningu til kaupa eða leigu á vörum eða þjónustu kostanda eða annars aðila, t.d. með því að auglýsa slíka vöru eða þjónustu sérstaklega.



FJÖLMIÐLANEFND

Í samræmi við 4. mgr. 42. gr. laga um fjölmiðla skal kostað efni vera auðkennt sem slíkt með kynningu, nafni, vörumerki, öðru auðkenni kostanda eða öðrum þeim hætti sem best hentar því formi miðlunar sem notað er.

Brot gegn 42. gr. geta varðað stjórnvaldssektum samkvæmt n-lið 1. mgr. 54. gr.

2.

a. Fréttatengt efni

Takmarkaðar leiðbeiningar er að finna í lögum og lögskýringargögnum um það hvers konar efni fellur undir skilgreininguna „fréttatengt efni“ eða „current affairs programmes“, eins og það kallast á ensku. Að mati fjölmiðlanefndar er með hugtakinu „fréttatengt efni“ fyrst og fremst átt við þætti sem hafa að megintilgangi að miðla fréttaskýringum, þar sem ljósi er varpað á fréttæma atburði sem eru ofarlega á baugi í samfélagsumræðunni hverju sinni og leitast við að greina þá með faglegum hætti. Slíkir þættir teljast til fréttatengds efnis, hvort sem þeim er miðlað í kjölfar fréttu eður ei. Dægurmálapættir sem innihalda að hluta fréttatengt efni og miðlað er strax í kjölfar fréttu geta talist til fréttatengds efnis, séu skilin á milli fréttatíma og dægurmálapáttar ekki nægilega skýr. Hið sama á við um veður- og íþróttafréttir sem miðlað er strax í kjölfar fréttatíma, án þess að skýr skil séu á milli fréttatímans og veður- eða íþróttafréttanna. Um leið er á það bent að mál sem tekin eru til skoðunar hjá fjölmiðlanefnd eru ávallt metin út frá aðstæðum hverju sinni.

Að mati fjölmiðlanefndar uppfyllir þátturinn *Miðbær Selfoss* skilyrði þess að teljast fréttatengt efni, þar sem í honum var ljósi varpað á mál sem varðar framtíðarhagsmuni almennings í Árborg; nýtt miðbæjarskipulag, sem kosið var um í íbúakosningum í sveitarfélaginu síðastliðið sumar eða átta dögum eftir sýningu þáttarins á Hringbraut. Þannig varðaði efni þáttarins almannahagsmuni, sem kjósa átti um rúmri viku síðar, og var því ofarlega á baugi í samfélagsumræðunni. Þá vísuðu sjónarhorn og efnistöð þáttarins til framtíðar en ekki fortíðar og getur fjölmiðlanefnd af þeim sökum ekki fallist á að um heimildapátt hafi verið að ræða, líkt og Hringbraut Fjölmiðlar hafa haldið fram við meðferð málsins.

b. Kostað efni eða auglýsing?

Að mati fjölmiðlanefndar telst þátturinn *Miðbær Selfoss* til kostaðs efnis í skilningi 27. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um fjölmiðla. Þátturinn var auðkenndur sem slíkur með kostunarskilti sem birtist á skjánum í upphafi þáttar, þar sem fram kom að hann væri kostaður af Sigtúni



FJÖLMIÐLANEFND

þróunarfélagi ehf. Fellur efni hans því undir efnislegt gildissvið 42. gr. laga um fjölmiðla um kostun hljóð- og myndefnis.

Þar sem um kostað efni var að ræða eiga sjónarmið um auglýsingar og leyfilegt hlutfall auglýsinga innan klukkustundar ekki við um umræddan þátt. Á það skal þó bent að 29 mínútna viðskiptaboð hefðu ekki uppfyllt skilyrði 2. mgr. 41. gr. laga um fjölmiðla um 12 mínútna leyfilegt hlutfall viðskiptaboða innan klukkustundar.

c. Áhrif kostanda á innihald og efnistöð

Í þættinum *Miðbær Selfoss* ræddi Sigurður K. Kolbeinsson við hóp viðmælenda, þar á meðal eigendur og fyrirsvarsmenn kostanda, sem var hagsmunaaðili í máli því sem kosið var um íbúakosningunni 18. ágúst 2018. Í viðtölunum kom fram jákvæð afstaða viðmælenda til þeirra framkvæmda sem fyrirhugaðar voru í miðbæ Selfoss, yrði nýtt aðal- og deiliskipulag samþykkt í kosningunum. Gögn málsins bera ekki með sér að gerð hafi verið tilraun til að afla andstæðra sjónarmiða frá þeim sem krafist höfðu íbúakosninga um framkvæmdirnar, heldur voru forsvarsmenn kostanda, sem er framkvæmdaaðili verkefnisins, látnir um að svara ætluðum gagnrýnisröddum.

Efnistöð í þættinum *Miðbær Selfoss* einkenndust því af einhliða umfjöllun um fyrirhugaðar framkvæmdir við miðbæ Selfoss, þar sem eingöngu var rætt við fólk sem hliðhollt var nýju miðbæjarskipulagi, þar á meðal forsvarsmenn kostanda. Þátturinn var sýndur í aðdraganda íbúakosninga í sveitarfélaginu Árborg og var annars vegar til þess fallinn að hvetja íbúa Árborgar til að nýta kosningarétt sinn og hins vegar til að hafa áhrif á niðurstöður kosninganna.

Að mati fjölmiðlanefndar rennir framangreint stöðum undir það að kostandi þáttarins Sigtún þróunarfélag ehf., hafi haft áhrif á innihald og efnistöð hins fréttatengda efnis.

3.

Reglur um bann við kostun fréttu og fréttatengds efnis ganga út á að vernda upplýsingarétt almennings, enda brýnt að almenningur geti mótað skoðanir sínar og dregið ályktanir út frá réttum og hlutlausum upplýsingum. Að mati fjölmiðlanefndar eiga þau sjónarmið ekki síst við í aðdraganda lýðræðislegra kosninga, hvort sem um er að ræða kosningar sem fram fara á landsvísi eða íbúakosningar í sveitarfélögum. Lýðræðislegt hlutverk fjölmiðla hefur hvað mesta samfélagslega þýðingu í tengslum við kosningar, þar sem þeir eru vettvangur umræðu og upplýsinga og geta haft skoðanamyndandi áhrif. Því er mikilvægt að umfjöllun fjölmiðla í aðdraganda kosninga sé fagleg og vönduð, leitast sé við að varpa ljósi á ólíkar hliðar mála og



FJÖLMIÐLANEFND

forða því að notendur fjölmiðla rugli saman auglýsingum, kostuðu efni og hlutlausum upplýsingum.

Að öllu framangreindu virtu er það niðurstaða fjölmiðlanefndar að þátturinn *Miðbær Selfoss* sem sýndur var á sjónvarpsstöðinni Hringbraut og birtur var á vef Hringbrautar 10. ágúst 2018, teljist til fréttatengds efnis og að Hringbraut Fjölmiðlar hafi með kostun hans brotið gegn 2. mgr. 42. gr. laga um fjölmiðla um bann við kostun fréttatengds efnis.

Jafnframt er það niðurstaða fjölmiðlanefndar að efnistöð þáttarins *Miðbær Selfoss* hafi ekki verið í samræmi við 1. mgr. 42. gr. um að kostanda sé óheimilt að hafa áhrif á innihald, efnistöð eða tímasetningu kostaðs efnis og raska ábyrgð og ritstjórnarlegu sjálfstæði fjölmiðlaveitunnar. Hafi efnistöð alfarið verið hliðholl kostanda, sem var hagsmunaaðili í því máli sem kosið var um í íbúakosningu í Árborg átta dögum eftir sýningu þáttarins í sjónvarpi. Hafi þáttastjórnandi og allir viðmælendur þáttarins lýst jákvæðri afstöðu til fyrirhugaðra framkvæmda á vegum kostanda. Ekki liggi fyrir að gerð hafi verið tilraun til að afla andstæðra sjónarmiða frá þeim sem krafist höfðu íbúakosninga um framkvæmdirnar, heldur hafi forsvarsmenn kostanda verið látnir um að svara ætluðum gagnýnisröddum.

Samkvæmt n-lið 1. mgr. 54. gr. laga um fjölmiðla leggur fjölmiðlanefnd stjórnvaldssekt á lögaðila vegna brots á ákvæðum í VI. kafla laga um fjölmiðla, þar með talið 1. og 2. mgr. 42. gr. Við ákvörðun sektar skal m.a. tekið tillit til alvarleika brots og tekna fjölmiðlaveitna af broti þegar það á við. Þó má falla frá sektarákvörðun teljist brot óverulegt eða af öðrum ástæðum er ekki talin þörf á beitingu sekta, sbr. 1. másl. 5. mgr. 54. gr.

Með vísan til framangreindrar niðurstöðu, alvarleika brots og þess að um ítrekað brot er að ræða hefur fjölmiðlanefnd ákveðið að leggja stjórnvaldssekt á Hringbraut í samræmi við n-lið 1. mgr. 54. gr. laga um fjölmiðla. Telur fjölmiðlanefnd hæfilegt að sektin nemi 1.000.000 kr.



FJÖLMIÐLANEFND

IV. Ákvörðunarorð

Hringbraut Fjölmiðlar ehf. braut gegn 2. mgr. 42. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011, um bann við kostun fréttu og fréttatengds efnis, með kostun þáttarins Miðbær Selfoss í þáttaröðinni Atvinnulífið, sem sýndur var á sjónvarpsstöðinni Hringbraut og birtur var á vef Hringbrautar 10. ágúst 2018, í aðdraganda íbúakosninga um aðal- og deiliskipulag í miðbæ Selfoss. Ennfremur fóru efnistökin þáttarins í bága við 1. mgr. 42. gr. laga um fjölmiðla um bann við áhrifum kostenda á innihald og efnistökin kostaðs efnis.

Hringbraut Fjölmiðlar ehf. greiði 1.000.000 kr. í stjórnvaldssekt.

Hulda Árnadóttir

María Rún Bjarnadóttir

Finnur Beck

Róbert H. Haraldsson